



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð. Skipulags- og umhverfisnefnd.

9. fundur.

Fundur í Skipulags- og umhverfisnefnd þriðjudaginn 27. sept. 2011 kl. 9:30, í Hótel Reynihlíð. Mættir Margrét Hólm Valsdóttir, Karl Emil Sveinsson, Birgir Steingrímsson, Eyrún Björnsdóttir, Pétur Snæbjörnsson, Árni Ólafsson og Gylfi Guðjónsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund og bauð menn velkomna.

2. Erindi frá Hólmfríði Jónsdóttur v/aðalskipulagsbreytingar á Arnarvatni.

Sótt er um að 15.5 ha. spildu við þjóðveg eitt að mestu í Olnbogaöxl verði skilgreint í aðalskipulagi sem þjónustusvæði en á hluta svæðisins er fyrirhugað að reisa hótél. Þá er og óskað eftir heimild til deiliskipulagsgerðar á umræddu svæði sem yrði auglýst samhliða auglýsingu á aðalskipulaginu.

Skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að samþykkja erindið hvað aðalskipulagsbreytinguna varðar. Varðandi heimild til deiliskipulagsgerðar er rétt að benda ákvæði 40 gr. laga nr. 123/2010. áður en hægt er að taka afstöðu til þess.

3. Erindi frá landeigendum Skútustaða 2, ósk um breytingu á aðalskipulagi.

Óskað er eftir heimild til að breyta vegstæðinu í gegnum þéttbýlið á Skútustöðum þannig að vegurinn verði færður fjær Sel Hótel, norður fyrir núverandi bílastæði.

Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að verða við erindinu.

4. Svör umsagnaraðila við Lýsingu skipulagsáætlunar, verkáætlun (Áfangaskýrsla 3) ásamt Áfangaskýrslu 1, Forsendur sbr. ákv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnir bárust frá eftirfarandi:

Skógrækt ríkisins.

Landgræðslu ríkisins.

Norðurlandsskógar.

Vegagerðinni.

Fljótsdalshéraði.
Skipulagsstofnun.
Umhverfisstofnun.
Fornleifavernd ríkisins, Minjavörður Norðurlands eystra.
Farið yfir ábendingar sem fram komu.

5. Aðalskipulag.

Efnisnám.
Farið var yfir námulista frá Vegagerðinni.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Margrét H. Valsdóttir
Birgir Steingrímsson
Karl E. Sveinsson
Eyrún Björnsdóttir
Pétur Snæbjörnsson